| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| | Samstarfsaðilum í samrekstri er frjálst að gera samkomulag um starfsreglur sínar að því tilskildu að þær séu innan marka skuldbindinganna sem fram koma í þessari skrá.<br>Þegar um er að ræða miðlun vegna umfangsmikillar viðskiptaáhættu, miðlun vegna endurtryggingar og miðlun vegna alþjóðlegra sjó-, loft- og flutningstrygginga: allt að 51% erlend hlutafjáreign verður leyfð, innan fimm ára frá aðild Kína verða dótturfyrirtæki sem eru að fullu í erlendri eigu leyfð. Fyrir aðra þjónustu tryggingamiðlara: Óbundið. Stofnun innri útibúa tryggingafyrirtækis verður leyfð í samræmi við afnám landfræðilegra takmarkana í áföngum. | | |
| | B. <u>Umfang viðskiptasviðs</u><br>Erlendum seljendum skaðatrygginga verður leyft að gefa út heildarvátryggingarskírteini (e. master policy) vegna umfangsmikillar viðskiptaáhættu, sem er án landfræðilegra takmarkana. Erlendum tryggingamiðlurum verður heimilt, í samræmi við innlenda meðferð, að gefa út heildarvátryggingarskírteini eigi síðar en kínverskum miðlurum og með skilyrðum sem eru ekki lakari.<br>Erlendum seljendum skaðatrygginga verður leyft að selja jafnt erlendum sem innlendum viðskiptavinum hvers konar skaðatryggingar. | | |

| Þjónustumáti: | (1) Þjónusta yfir landamæri | (2) Neysla erlendis | (3) Viðskiptanærvera | (4) Nærvera einstaklinga |
|---|---|---|---|---|

| **Geiri eða undirgeiri** | **Takmarkanir á markaðsaðgangi** | **Takmarkanir á innlendri meðferð** | **Viðbótarskuldbindingar** |
|---|---|---|---|
| | Erlendum vátryggjendum er heimilt að selja útlendingum og Kínverjum heilbrigðistryggingar, einstaklings- og hóptryggingar, sem og lífeyristryggingar.<br>Erlendum vátryggjendum verður leyft að veita endurtryggingaþjónustu á sviði líftrygginga og skaðatrygginga sem útibú, samrekstrarfyrirtæki eða dótturfyrirtæki sem er að fulli í erlendri eigu, án landfræðilegra takmarkana eða takmarkana á fjölda útgefinna leyfa. | | |
| | D. Leyfi<br>Leyfi verða gefin út án könnunar á efnahagsþörfum eða fjöldatakmarkana á leyfum. Hæfiskröfur vegna stofnunar erlends tryggingafyrirtækis eru eftirfarandi:<br>– fjárfestingaraðilinn skal vera erlent vátryggingafélag með yfir 30 ára reynslu af því að hafa staðfestu í aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar,<br>– hann skal hafa haft umboðsskrifstofu í Kína í tvö ár samfellt,<br>– heildareignir hans skulu vera yfir 5 milljörðum bandaríkjadala í lok ársins fyrir umsókn, þetta gildir þó ekki um tryggingamiðlara.<br>Heildareignir tryggingamiðlara skulu nema a.m.k. 200 milljónum bandaríkjadala.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | | |

| Þjónustumáti: | (1) Þjónusta yfir landamæri | (2) Neysla erlendis | (3) Viðskiptanærvera | (4) Nærvera einstaklinga |
|---|---|---|---|---|

| **Geiri eða undirgeiri** | **Takmarkanir á markaðsaðgangi** | **Takmarkanir á innlendri meðferð** | **Viðbótarskuldbindingar** |
|---|---|---|---|
| B. Bankastarfsemi og önnur fjármálaþjónusta<br>(Þó ekki tryggingar og verðbréf)<br><br>Bankaþjónusta eins og talið er upp hér fyrir neðan:<br>a. móttaka á innlánum og öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi,<br>b. allar tegundir útlána, þar á meðal neytendalán, veðlán, kröfukaup og rekstrarlán,<br>c. fjármögnunarleiga,<br>d. öll þjónusta við millifærslu greiðslna og peninga, þar með talin lánakort, gjaldfærslu- og staðgreiðslukort, ferðaávísanir og bankaávísanir (þ.m.t. uppgjör vegna innflutnings og útflutnings),<br>e. ábyrgðir og skuldbindingar,<br>f. viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir reikning viðskiptavina: erlendur gjaldeyrir. | 1) Óbundið, nema eftirfarandi:<br>– veiting og yfirfærsla fjárhagsupplýsinga og fjárhagsleg gagnavinnsla og hugbúnaður er þessu tengist frá þeim sem veita aðra fjármálaþjónustu,<br>– ráðgjafarþjónusta, milliganga og önnur stoðþjónusta tengd allri þeirri starfsemi sem er talin upp í undirliðum a t.o.m. k, þar á meðal upplýsingar um lánstraust og lánsmat, rannsókn og ráðgjöf varðandi fjárfestingu og samval verðbréfa, ráðgjöf varðandi yfirtöku og endurskipulagningu fyrirtækja og stefnumörkun þeirra.<br>2) Engar<br>3) A. <u>Landfræðileg útbreiðsla</u><br>Að því er tekur til viðskipta með erlenda gjaldmiðla verður engin landfræðileg takmörkun við aðild. Þegar um er að ræða viðskipti með gjaldmiðil landsins verður landfræðileg takmörkun afnumin í áföngum samkvæmt eftirfarandi: Við aðild, Shanghai, Shenzhen, Tianjin og Dalian. Innan eins árs eftir aðild, Guangzhou, Zhuhai, Qingdao, Nanjing og Wuhan. Innan tveggja ára eftir aðild, Jinan, Fuzhou, Chengdu og Chongqing. Innan þriggja ára eftir aðild, Kunming, Beijing og Xiamen. Innan fjögurra ára eftir aðild, Shantou, Ningbo, Shenyang og Xi'an. Innan fimm ára frá aðild verða allar landfræðilegar takmarkanir afnumdar. | 1) Engar<br><br>2) Engar<br>3) Að undanskildum landfræðilegum takmörkunum og takmörkunum varðandi viðskiptavini í viðskiptum með gjaldmiðil landsins (skráð í dálkinum fyrir markaðsaðgang) er erlendum fjármálastofnunum heimilt að eiga viðskipti, án takmarkana eða kröfu um samþykki í hverju tilviki fyrir sig, við fyrirtæki með erlenda fjárfestingu, einstaklinga, aðra en Kínverja, kínverska einstaklinga og kínversk fyrirtæki. Að öðru leyti engar. | Þegar um er að ræða fjármögnunarleiguþjónustu verður erlendum fjármögnunarleigufyrirtækjum heimilt að veita fjármögnunarleiguþjónustu á sama tíma og innlendum fyrirtækjum. |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| | B. Viðskiptavinir<br>Þegar um er að ræða viðskipti með erlenda gjaldmiðla verður erlendum fjármálastofnunum heimilt að veita þjónustu í Kína án takmarkana að því er varðar viðskiptavini eftir aðild.<br>Þegar um er að ræða viðskipti með gjaldmiðil landsins verður erlendum fjármálastofnunum heimilt að veita kínverskum fyrirtækjum þjónustu innan tveggja ára frá aðild. Erlendum fjármálastofnunum verður heimilt að veita öllum kínverskum viðskiptavinum þjónustu innan fimm ára frá aðild. Erlendum fjármálastofnunum sem hafa leyfi til að stunda viðskipti með gjaldmiðil landsins í einu héraði í Kína er heimilt að þjóna öðrum héruðum sem opnuð hafa verið fyrir slíkum viðskiptum.<br>C. Leyfisveiting<br>Viðmiðanir fyrir veitingu leyfis til að starfa í fjármálaþjónustugeiranum í Kína byggjast eingöngu á varfærnisreglu (þ.e. eru án könnunar á efnahagsþörfum eða takmarkana á fjölda leyfa). Innan fimm ára frá aðild skal afnema allar núverandi ráðstafanir, aðrar en þær sem byggjast á varfærnisreglu, sem takmarka eignarhald, starfrækslu og lagalegt form erlendra fjármálastofnana, þ.m.t. takmarkanir á stofnun innlendra útibúa og útgáfu leyfa.<br>Erlendum fjármálastofnunum, sem uppfylla eftirfarandi skilyrði, er heimilt að stofna dótturfyrirtæki erlends banka eða erlent fjármálafyrirtæki í Kína | | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| | – með heildareignir yfir 10 milljörðum bandaríkjadala í lok ársins áður en umsókn er lögð fram<br>– Erlendum fjármálastofnunum, sem uppfylla eftirfarandi skilyrði, er heimilt að stofna útibú erlends banka í Kína:<br>– með heildareignir yfir 20 milljörðum bandaríkjadala í lok ársins áður en umsókn er lögð fram.<br>Erlendum fjármálastofnunum, sem uppfylla eftirfarandi skilyrði, er heimilt að stofna banka eða fjármálafyrirtæki sem er í sameiginlegri kínverskri og erlendri eigu í Kína:<br>– með heildareignir yfir 10 milljörðum bandaríkjadala í lok ársins áður en umsókn er lögð fram.<br>Hæfiskröfur fyrir erlendar fjármálastofnanir sem stunda viðskipti með gjaldmiðill landsins eru eftirfarandi:<br>– þriggja ára viðskiptastarfsemi í Kína með hagnaði í tvö ár samfleytt fyrir umsókn, engar að öðru leyti.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum | |

| Þjónustumáti: | (1) Þjónusta yfir landamæri | (2) Neysla erlendis | (3) Viðskiptanærvera | (4) Nærvera einstaklinga |
|---|---|---|---|---|

| **Geiri eða undirgeiri** | **Takmarkanir á markaðsaðgangi** | **Takmarkanir á innlendri meðferð** | **Viðbótarskuldbindingar** |
|---|---|---|---|
| – Fjármögnun vélknúinna ökutækja af hálfu annarra fjármálastofnana en banka | 1) Óbundið, nema eftirfarandi:<br>– veiting og yfirfærsla fjárhagsupplýsinga og fjárhagsleg gagnavinnsla og hugbúnaður er þessu tengist frá þeim sem veita aðra fjármálaþjónustu,<br>– ráðgjafarþjónusta, milliganga og önnur stoðþjónusta tengd allri þeirri starfsemi sem er talin upp í undirliðum a t.o.m. k, þar á meðal upplýsingar um lánstraust og lánsmat, rannsókn og ráðgjöf varðandi fjárfestingu og samval verðbréfa, ráðgjöf varðandi yfirtöku og endurskipulagningu fyrirtækja og stefnumörkun þeirra.<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Óbundið<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| **Geiri eða undirgeiri** | **Takmarkanir á markaðsaðgangi** | **Takmarkanir á innlendri meðferð** | **Viðbótarskuldbindingar** |
|---|---|---|---|
| – Verðbréf | 1) Óbundið, nema eftirfarandi:<br>– Erlendar verðbréfafyrirtæki geta stundað bein viðskipti (án kínverskrar milligöngu) með hlutabréf í B-flokki.<br>2) Engar<br>3)<br>a) Óbundið, nema eftirfarandi:<br>Umboðsskrifstofur erlendra verðbréfastofnana í Kína geta fengið sérstaka aðild að öllum kínverskum kauphöllum.<br>– Erlendum þjónustuveitendum verður heimilt að stofna fyrirtæki um samrekstur með allt að 49% erlendri fjárfestingu til að starfa við rekstur fjárfestingarsjóða með innlend verðbréf. Erlendum verðbréfastofnunum verður heimilt að stofna fyrirtæki um samrekstur, með erlendri minnihlutaeign sem fer ekki yfir 1/3, til að starfa (án kínverskra milliliða) við skuldbindingu hlutabréfa í A-flokki og skuldbindingu og sölu hlutabréfa í B- og H-flokki, sem og skulda ríkis og fyrirtækja og stofna sjóði.<br>b) Viðmiðanir fyrir veitingu leyfis til að starfa á sviði fjármálaþjónustu í Kína byggjast eingöngu á varfærnisreglu (þ.e. eru án könnunar á efnahagsþörfum eða takmarkana á fjölda leyfa).<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| 9. **FERÐAÞJÓNUSTA OG TENGD ÞJÓNUSTA**<br>A. Hótel (þ.m.t. íbúðabyggingar) og veitingahús<br>(CPC 641-643) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Erlendum þjónustuveitendum er heimilt að byggja, endurnýja og starfrækja hótel og veitingastaði í Kína. Dótturfyrirtæki sem eru að fullu í erlendri eigu verða leyfð.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum.<br>– Erlendum framkvæmdastjórum, sérfræðingum, þ.m.t. matreiðslumönnum og yfirstjórnendum, sem hafa undirritað samninga við hótel og veitingastaði í samrekstri í Kína skal leyft að veita þjónustu í Kína. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | |
| B. Ferðaskrifstofur og önnur ferðaþjónusta<br>(CPC 7471) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Erlendum þjónustuveitendum, sem uppfylla eftirfarandi skilyrði, er heimilt að veita þjónustu í formi samrekstrar um ferðaskrifstofur og aðra ferðaþjónustu á orlofsdvalarstöðum sem eru tilteknir af kínversku ríkisstjórninni og í Beijing, Shanghai, Guangzhou og Xi'an:<br>a) Ferðaskrifstofa og önnur ferðaþjónusta, sem einkum snýr að ferðastarfsemi.<br>b) Alþjóðleg ársvelta er yfir 40 milljónum bandaríkjadala. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar, að því undanskildu að samrekstrarfyrirtækjum eða ferðaskrifstofum og annarri ferðaþjónustu sem eru að fullu í erlendri eigu er ekki heimilt að stunda starfsemi við ferðir Kínverja til annarra landa og til sjálfstjórnarhéraðanna Hong Kong og Makaó í Kína og til kínverska Taípei. | |

| Þjónustumáti: | (1) Þjónusta yfir landamæri | (2) Neysla erlendis | (3) Viðskiptanærvera | (4) Nærvera einstaklinga |
|---|---|---|---|---|

| **Geiri eða undirgeiri** | **Takmarkanir á markaðsaðgangi** | **Takmarkanir á innlendri meðferð** | **Viðbótarskuldbindingar** |
|---|---|---|---|
| | Skráð hlutafé ferðaskrifstofu/annarrar ferðaþjónustu í samrekstri skal ekki vera undir 2,5 milljón RMB. Erlend meirihlutaeign verður leyfð.<br>Dótturfyrirtæki sem eru að fullu í erlendri eigu verða leyfð innan sex ára frá aðild og landfræðilegar takmarkanir verða afnumdar. Umfang viðskiptasviðs ferðaskrifstofu/annarrar ferðaþjónustu er sem hér segir:<br>a) ferða- og hótelgistiþjónusta fyrir erlenda ferðamenn, sem ganga má frá beint við þá sem reka flutninga- og hótelþjónustu í Kína, sem nær til slíkrar starfsemi,<br>b) ferða- og hótelgistiþjónusta fyrir innlenda ferðamenn, sem ganga má frá beint við þá sem reka flutninga- og hótelþjónustu í Kína, sem nær til slíkrar starfsemi,<br>c) að annast ferðir í Kína fyrir jafnt innlenda sem erlenda ferðamenn og<br>d) innlausn ferðatékka í Kína.<br>Engar innan sex ára frá aðild, engar takmarkanir verða á stofnun útibúa ferðaskrifstofa og annarrar ferðaþjónustu í samrekstri og krafan um skráð hlutafé ferðaskrifstofa og annarrar ferðaþjónustu með erlendri fjárfestingu verður sú sama og fyrir kínverskar ferðaskrifstofur og aðra ferðaþjónustu.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | |

| Þjónustumáti: | (1) Þjónusta yfir landamæri | (2) Neysla erlendis | (3) Viðskiptanærvera | (4) Nærvera einstaklinga |
|---|---|---|---|---|

| **Geiri eða undirgeiri** | **Takmarkanir á markaðsaðgangi** | **Takmarkanir á innlendri meðferð** | **Viðbótarskuldbindingar** |
|---|---|---|---|
| 10. **TÓMSTUNDA-, MENNINGAR- OG ÍÞRÓTTASTARFSEMI**<br>(önnur en hljóð- og myndmiðlun)<br>D. Íþróttir og önnur tómstundastarfsemi<br>(Takmarkast aðeins við CPC 96411, 96412, 96413, golf undanskilið) | 1) Óbundið<br>2) Óbundið<br>3) Fyrirtæki sem eru að fullu í erlendri eigu verða leyfð. Krafist er kannana á efnahagsþörfum.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Óbundið<br>2) Óbundið<br>3) Óbundið<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| 11. **FLUTNINGAÞJÓNUSTA**<br>A. Sjóflutningaþjónusta<br>– Millilandaflutningar (vörur og farþegar)<br>(CPC 7211 og 7212 að frádregnum gestaflutningum) | 1) a) Flutningar með áætlunarskipum (þ.m.t. farþegaflutningar) Engar<br>b) Búlka- og leigusjóflutningar og aðrir alþjóðlegir sjóflutningar (þ.m.t. farþegaflutningar) Engar<br>2) Engar<br>3) a) Stofnun skráðra fyrirtækja í þeim tilgangi að reka skipaflota undir fána Alþýðulýðveldisins Kína:<br>– Erlendum þjónustuveitendum er heimilt að stofna skipafélög í samrekstri.<br>– Erlend fjárfesting skal ekki vera meiri en 49% af skráðu heildarhlutafé samrekstrarfyrirtækisins.<br>– Stjórnarformaður og aðalframkvæmdastjóri samrekstrarfyrirtækisins skulu skipaðir af kínverska aðilanum.<br>b) Annars konar viðskiptanærvera vegna veitingar alþjóðlegrar sjóflutningaþjónustu: Óbundið<br>4) a) Áhöfn skips: Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum.<br>b) Lykilstarfsmenn ráðnir í tengslum við viðskiptanærveru eins og hún er skilgreind í b-lið þjónustumáta 3 að framan: Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) a) Engar<br>b) Engar<br>2) Engar<br>3) a) Engar<br>b) Óbundið<br>4) a) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum.<br>b) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | Eftirtalin þjónusta býðst flutningsaðilum millilandaflutninga á sjó með sanngjörnum skilmálum og skilyrðum og án mismununar:<br>1. Hafnsaga<br>2. Tog- og dráttarþjónusta<br>3. Vistir, eldsneyti og vatn<br>4. Sorphirðing og losun kjölfestuúrgangs<br>5. Rekstur hafnarstjóra<br>6. Leiðsöguþjónusta<br>7. Rekstrarþjónusta í landi sem nauðsynleg er fyrir nýtingu skipa, þ.m.t. fjarskipti, vatn og rafmagnsbúnaður<br>8. Aðstaða fyrir neyðarviðgerðir<br>9. Akkerislægi, skipalægi og þjónusta við komu skips í höfn |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| H. Stoðþjónusta<br>a) Vöruafgreiðsluþjónusta í sjóflutningum (CPC 741)<br>c) Tollafgreiðsluþjónusta vegna sjóflutninga | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Aðeins í formi samrekstrar, þar sem erlend meirihlutaeign er leyfileg.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | |
| d) Þjónusta við gámastöðvar og geymslusvæði | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Aðeins í formi samrekstrar, þar sem erlend meirihlutaeign er leyfileg.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | |
| e) Þjónusta umboðsskrifstofa á sviði siglinga | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Aðeins í formi samrekstrar þar sem erlend hlutabréfaeign er ekki yfir 49%.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | |

* Óbundið vegna þess að það er ekki framkvæmanlegt í tæknilegu tilliti.

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| B. Flutningar á skipgengum vatnaleiðum<br>b) Vöruflutningar<br>(CPC 7222) | 1) Alþjóðasjóflutninga skal aðeins heimila í höfnum sem eru opnar erlendum skipum.<br>2) Engar<br>3) Óbundið<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Takmarkanir eins og tilgreint er í dálkinum fyrir markaðsaðgang.<br>2) Engar<br>3) Óbundið<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | |
| C. Flutningar í lofti<br>d) Viðgerðir og viðhaldsþjónusta loftfara<br>(CPC 8868) | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Erlendum þjónustuveitendum er heimilt að stofna samrekstrarfyrirtæki um viðgerðir og viðhaldsþjónustu loftfara í Kína. Ráðandi hlutafé skal vera í höndum kínverska aðilans eða hann skal hafa ráðandi stöðu í samrekstrinum. Leyfi til stofnunar samrekstrar eru háð könnun á efnahagsþörfum.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Óbundið*<br>2) Engar<br>3) Samrekstrarfyrirtækjunum er skylt að stunda starfsemi á alþjóðamarkaði.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | |
| – Þjónusta gegnum tölvufarskráningarkerfi | 1) a) Erlendum tölvufarskráningarkerfum, sem hafa samkomulag við kínversk flugfélög og kínversk tölvufarskráningarkerfi, er heimilt að veita kínverskum flugfélögum og kínverskum umboðsaðilum fyrir flugþjónustu með tengingu við kínverska tölvufarskráningarkerfið. | 1) Engar | |

* Óbundið vegna þess að það er ekki framkvæmanlegt í tæknilegu tilliti.

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| | b) Erlendu tölvufarskráningarkerfi er heimilt að veita umboðsskrifstofum og söluskrifstofum, sem hafa staðfestu á ákvörðunarstöðum erlendra flugfélaga í Kína, sem hafa heimild til að stunda starfsemi samkvæmt tvíhliða loftferðasamningunum, þjónustu.<br>c) Beinn aðgangur kínverskra flugfélaga og umboðsaðila erlendra flugfélaga að erlendu tölvufarskráningarkerfi og notkun þess er háð samþykki flugmálastjórnar Kína (CAAC).<br>2) Engar<br>3) Óbundið<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 2) Engar<br>3) Óbundið<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | |
| E. Járnbrautarflutningar<br><br>F. Flutningar á vegum<br>– Vöruflutningar á járnbrautum<br>(CPC 7112)<br>– Vöruflutningar á vegum með vörubifreiðum eða bifreiðum<br>(CPC 7123) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Erlend meirihlutaeign verður leyfð til járnbrautarflutninga, sem aðeins er í formi samrekstrar, innan sex ára eftir aðild Kína verða dótturfyrirtæki sem eru að fullu í erlendri eigu leyfð.<br>Dótturfyrirtæki sem eru að fullu í erlendri eigu verða leyfð til flutninga á vegum.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | |

Þjónustumáti: (1) Þjónusta yfir landamæri (2) Neysla erlendis (3) Viðskiptanærvera (4) Nærvera einstaklinga

| Geiri eða undirgeiri | Takmarkanir á markaðsaðgangi | Takmarkanir á innlendri meðferð | Viðbótarskuldbindingar |
|---|---|---|---|
| – Farþegaflutningar<br>(CPC 71213) | 1) Óbundið<br>2) Óbundið<br>3) Aðeins í formi samrekstrar þar sem erlend fjárfesting má ekki fara yfir 49%. Krafist er kannana á efnahagsþörfum.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Óbundið<br>2) Óbundið<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | |
| H. Stoðþjónusta við hvers konar flutninga<br>– Geymslu- og birgðageymsluþjónusta<br>(CPC 742) | 1) Óbundið<br>2) Engar<br>3) Dótturfyrirtæki sem eru að fullu í erlendri eigu verða leyfð.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Óbundið<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | |
| – Vöruflutningamiðlun (CPC 748 og 749, þó ekki farmskoðun) | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Erlendum vöruflutningamiðlunum, sem hafa a.m.k. þriggja ára samfellda reynslu, er heimilt að stofna vöruflutningamiðlun í samrekstri, dótturfyrirtæki sem eru að fullu í erlendri eigu verða leyfð.<br>Rekstrartími samrekstrarfyrirtækjanna skal ekki vera lengri en 20 ár.<br>Þegar samrekstrarfyrirtæki hefur starfað í eitt ár í Kína getur það stofnað útibú.<br>Erlendri vöruflutningamiðlun er heimilt að stofna annað samrekstrarfyrirtæki þegar fyrsta samrekstrarfyrirtæki hennar hefur verið starfrækt í tvö ár.<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | 1) Engar<br>2) Engar<br>3) Engar<br>4) Óbundið, að undanskildu því sem gefið er til kynna undir láréttum skuldbindingum. | |

**1. fylgiskjal**

**Viðmiðunarskjal**

Gildissvið

Hér á eftir fara skilgreiningar og meginreglur um lagaramma fyrir grunnfjarskiptaþjónustu.

Skilgreiningar

Notendur: neytendur og veitendur þjónustu.

Ómissandi búnaður: búnaður fyrir almenn fjarskiptanet eða -þjónustu sem:

a) er eingöngu eða aðallega veittur af einum eða fáum þjónustuveitendum og

b) annað getur ekki komið í staðinn fyrir, hvorki efnahagslega eða tæknilega, til að veita megi þjónustu.

Stór þjónustuveitandi: þjónustuveitandi sem getur haft efnisleg áhrif á skilmála um þátttöku (að því er varðar verð og framboð) á viðkomandi markaði fyrir grunnfjarskiptaþjónustu af því að hann:

a) hefur nauðsynlegan búnað til umráða, eða

b) nýtir sér stöðu sína á markaðnum.

1. Verndarráðstafanir varðandi samkeppni

1.1 Komið í veg fyrir samkeppnishamlandi starfshætti í fjarskiptum

Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að stórir þjónustuveitendur, einir eða saman, taki upp eða viðhaldi samkeppnishamlandi starfsháttum.

1.2 Verndarráðstafanir

Samkeppnishamlandi starfshættir, sem um getur hér að framan, eiga einkum við um:

a) að eiga þátt í samkeppnishamlandi víxlniðurgreiðslum,

b) að nota upplýsingar sem fengnar eru hjá samkeppnisaðilum og hafa samkeppnishamlandi afleiðingar, og

c) að láta ekki uppi við aðra þjónustuveitendur í tæka tíð tæknilegar upplýsingar um nauðsynlegan búnað eða viðskiptaupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að veita þjónustuna.

2. Samtenging

2.1 Þessi kafli á við um tengingar við þjónustuveitendur sem láta í té almenn fjarskiptanet eða -þjónustu í því skyni að notendur eins þjónustuveitanda geti átt samskipti við notendur annars þjónustuveitanda og haft aðgang að þjónustu sem annar þjónustuveitandi veitir, þar sem samþykktar hafa verið sérstakar skuldbindingar.

2.2 Samtenging tryggð

Samtenging við stóran þjónustuveitanda verður tryggð á hverjum þeim punkti í netkerfinu sem telst tæknilega mögulegur. Slík samtenging er veitt

a) án mismununar og með eigi lakari skilyrðum (þ.m.t. tæknistaðlar og -forskriftir), taxta eða gæðum en svipuð þjónusta hans eða svipuð þjónusta ótengdra þjónustuveitenda eða þjónusta til dótturfyrirtækja eða annarra fyrirtækja í eignartengslum,

b) tímanlega og með kjörum (þ.m.t. tæknistöðlum og -forskriftum), skilmálum og kostnaðartengdum taxta sem er gagnsær, sanngjarn með tilliti til þess sem er efnahagslega mögulegt og nægilega sundurgreindur til þess að þjónustuveitandinn þurfi ekki að greiða fyrir hluta nets eða búnaðar sem hann þarf ekki á að halda til þeirrar þjónustu sem veitt er, og

c) sé þess óskað, um punkta til viðbótar við þá nettengipunkta sem bjóðast flestum notendum, gegn gjaldi sem endurspeglar kostnað við smíði nauðsynlegs viðbótarbúnaðar.

2.3 Almennt aðgengi að reglum um samningaviðræður um samtengingu

Reglur sem gilda um tengingu við stóran þjónustuveitanda verða birtar opinberlega.

2.4 Gagnsæi fyrirkomulags samtengingar

Tryggt er að stór þjónustuveitandi birti opinberlega annaðhvort samninga sína um samtengingu eða viðmiðunartilboð um samtengingu.

2.5 Samtenging: lausn deilumála

Þjónustuveitandi sem óskar eftir samtengingu við stóran þjónustuveitanda skal geta skotið máli sínu annaðhvort:

a) hvenær sem er, eða

b) að liðnum hæfilegum fresti, sem hefur verið auglýstur opinberlega, til sjálfstæðrar innlendrar stofnunar, sem getur verið stjórnsýslustofnun, sbr. 5. mgr. hér á eftir, til að fá lausn á deilumálum um viðeigandi skilmála, skilyrði og taxta fyrir samtengingu innan sanngjarns tíma, að því marki sem þetta hefur ekki verið fastsett áður.

3. Alþjónusta

Hver aðili á rétt á að skilgreina þá tegund skuldbindingar um alþjónustu sem hann vill viðhalda. Slíkar skuldbindingar teljast ekki samkeppnishamlandi í sjálfu sér, svo framarlega sem þær eru reknar á gagnsæjan hátt, án mismununar og hlutlaust með tilliti til samkeppni og eru ekki meira íþyngjandi en nauðsyn krefur vegna þeirra tegundar alþjónustu sem aðilinn skilgreinir.

4. Almennur aðgangur að viðmiðunum um leyfi

Þegar leyfis er krafist er veittur almennur aðgangur að eftirfarandi:

a) upplýsingum um allar viðmiðanir um leyfi og frest sem venjulega er veittur til ákvarðanatöku varðandi leyfisumsókn og

b) skilmálum og skilyrðum fyrir rekstrarleyfum.

Umsækjanda er gerð grein fyrir ástæðum synjunar um leyfi, að beiðni hans.

5. Óháð eftirlitsyfirvöld

Viðkomandi stjórnsýslustofnun skal vera aðskilin frá birgjum í grunnfjarskiptaþjónustu og ekki þurfa að skýra gerðir sínar fyrir þeim. Ákvarðanir og málsmeðferð eftirlitsyfirvalda skulu vera óhlutdrægar að því er varðar alla þátttakendur á markaði.

6. Úthlutun og nýting takmarkaðra auðlinda

Öllum reglum um úthlutun og nýtingu takmarkaðra auðlinda, þ.m.t. tíðni, fjöldi og athafnaréttur, skal framfylgt af hlutlægni, tímanlega, með gagnsæjum hætti og án mismununar. Upplýsingar um núverandi stöðu úthlutaðra tíðnisviða skulu vera aðgengilegar öllum en þess er ekki krafist að gefin sé upp tíðni sem úthlutað er til sérstakra nota stjórnvalda.

ALÞJÓÐA

VIÐSKIPTASTOFNUNIN

**S/GBT/W/2/1. endursk.**

16. janúar 1997

(97-0173)

---

**Hópur um grunnfjarskipti**

Athugasemd formanns

Endurskoðun

*Nokkrar sendinefndir hafa lagt til að hentugt væri að semja stutta og einfalda athugasemd um forsendur sem gilda um skuldbindingaskrá um grunnfjarskipti. Tilgangur meðfylgjandi athugasemdar er að aðstoða sendinefndir við að tryggja gagnsæi skuldbindinga þeirra og stuðla að bættum skilningi á þýðingu skuldbindinga. Þessari athugasemd er ekki ætlað að hafa eða öðlast bindandi lagalega stöðu.*

**ATHUGASEMDIR VEGNA SKULDBINDINGASKRÁR FYRIR GRUNNFJARSKIPTAÞJÓNUSTU**

1. Ef annað er ekki tilgreint í dálkinum fyrir geira gildir eftirfarandi um alla grunnfjarskiptaþjónustu sem er talin upp í þeim dálki:

   a) hún nær yfir staðbundna, langlínu- og millilandaþjónustu fyrir almenna og einkanotkun,

   b) hana má veita á grundvelli aðstöðu eða með endursölu, og

   c) hana má veita með hvers konar tækni (t.d. um kapal 1, þráðlaust, um gervihnött).

2. Undirgeiri (g) - leigurásir einkaaðila - tekur til getu þjónustuveitenda til að selja eða leigja hvers konar afkastagetu nets vegna veitingar þjónustu sem er talin upp í einverri annarri undirgrein um grunnfjarskiptaþjónustu, nema annað sé tekið fram í dálkinum fyrir atvinnugrein. Þar undir fellur flutningsgeta um kapal, gervihnött og þráðlaus net.

3. Með tilliti 1. og 2. liðar hér að framan ætti ekki að vera nauðsynlegt að skrá farsímaþjónustu sem sérstakan undirgeira. Nokkur aðildarríki hafa þó gert það og nokkur tilboð hafa aðeins skuldbindingar í þessum undirgeirum. Því þykir rétt, til þess að forðast umfangsmiklar breytingar á skrám, að aðildarríki hafi áfram sérstakar færslur fyrir þessa undirgeira.

---

1 Nær til allra tegunda kapla.

# ALÞJÓÐA VIÐSKIPTASTOFNUNIN

**S/GBT/W/3**

3. febrúar 1997

(97-0415)

---

**Hópur um grunnfjarskipti** Frumrit: Á ensku

ATHUGASEMD FORMANNS

Takmarkanir á markaðsaðgangi fyrir aðgengi að tíðnirófi

Mörg aðildarríki hafa færslur í dálkinum um markaðsaðgang í skrám sínum, þar sem segir að skuldbindingar séu „með fyrirvara um að tíðniróf/tíðni sé fyrir hendi“ eða álíka. Í ljósi eðliseiginleika tíðnirófs og þeirra takmarkana sem fylgja notkun þess er skiljanlegt að aðildarríki hafi leitast við að nota þetta orðalag til að vernda lögmæta stefnu um stjórnun tíðnirófs. Þó er vafasamt að orðalag á borð við „með fyrirvara um að tíðniróf/tíðni sé fyrir hendi“, eins og er í dálkinum um markaðsaðgang í skrám margra aðildarríkja, nái því markmiði.

Stjórnun tíðnirófs/tíðni er ekki í sjálfu sér ráðstöfun sem nauðsynlegt er að skrá samkvæmt XVI. grein. Enn fremur hefur hvert aðildarríki, samkvæmt GATS, rétt til stjórnunar tíðnirófs/tíðni, sem gæti haft áhrif á fjölda þjónustuveitenda, að því tilskildu að það sé gert í samræmi við VI gr. og önnur viðeigandi ákvæði GATS. Þetta tekur til möguleikans til að úthluta tíðnisviðum með tilliti til núverandi og komandi þarfa. Aðildarríki, sem hafa gengist undir viðbótarskuldbindingu í samræmi við viðmiðunarskjalið um meginreglur, eru einnig bundin af 6. mgr. þess.

Af þeim sökum er orðalag á borð við „með fyrirvara um að tíðniróf/tíðni sé fyrir hendi“ ónauðsynlegt og ber að eyða úr skrám aðildarríkja.

## 2. fylgiskjal

## Dreifingarþjónusta

Dreifingarþjónusta nær yfir fjóra helstu undirgeira:

– þjónustu umboðssala,

– heildsölu,

– smásölu og

– sérleyfi.

Segja má að endursala á vörum og ýmiss konar tengd undirþjónusta einkenni helstu þjónustu sem veitt er í hverjum undirgeira, þar á meðal birgðastjórnun, samsetning, flokkun framleiðslueininga í lausu, sundurtekning framleiðslueininga í lausu og endurskipting þeirra í smærri einingar, afgreiðsla, kæling, geymsla, tollvörugeymslu- og bifreiðageymsluþjónusta, sölukynning, markaðssetning og auglýsingar, uppsetning og viðhaldsþjónusta, þ.m.t. viðhald og viðgerðir, og starfsþjálfun. Dreifingarþjónusta fellur almennt undir CPC 61, 62, 63 og 8929.

Þjónusta umboðssala felst í sölu á vöru og tengd undirþjónusta af hálfu umboðsaðila, miðlara eða uppboðshaldara eða annarra heildsala gegn þóknun eða samkvæmt samningi.

Heildsala er sala á vöru til smásala, til notenda í iðnaði, verslun, stofnunum eða annarri atvinnustarfsemi, eða til annarra heildsala, ásamt tengdri undirþjónustu.

Smásöluþjónusta er sala á vöru til einkaneyslu eða heimilisnota, annaðhvort frá föstum stað (t.d. verslun, söluturni o.s.frv.) eða fjarri föstum stað, ásamt tengdri undirþjónustu.

Sérleyfisþjónusta felst í að selja notkun vöru, viðskiptaheitis eða tiltekins viðskiptakerfis gegn þóknun eða rétthafagreiðslum. Sérleyfi fyrir vöru og viðskiptaheiti felur í sér notkun viðskiptaheitis gegn þóknun eða rétthafagreiðslum og getur falið í sér skyldu til einkasölu á vöru með tiltekið viðskiptaheiti. Sérleyfi fyrir viðskiptakerfi felur í sér notkun heildarviðskiptahugmyndar gegn þóknun og rétthafagreiðslum og getur falið í sér notkun viðskiptaheitis, viðskiptaáætlunar og efnis til þjálfunar, ásamt tengdri undirþjónustu.

## 3. fylgiskjal

### Tryggingar: Skilgreining á heildarvátryggingarskírteini (e. master policy)

Heildarvátryggingarskírteini er tryggingarskírteini sem veitir heildarvernd fyrir eignir og skuldbindingar sama lögaðila á fleiri stöðum. Heildarvátryggingarskírteini skulu aðeins gefin út af viðskiptadeild aðalskrifstofu vátryggjandans eða viðurkenndum útibússkrifstofum hennar á fylkisvísu. Öðrum útibúum er ekki heimilt að gefa út heildarvátryggingarskírteini.

Viðskipti með heildarvátryggingarskírteini þar sem hið tryggða er lykilverkefni í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Ef fjárfestar í lykilverkefnum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (þ.e. verkefnum sem eru þannig skráð og tilkynnt árlega af þróunar- og skipulagsnefnd ríkisins) uppfylla aðra af kröfunum sem fara hér á eftir geta þeir keypt heildarvátryggingarskírteini af vátryggjendum sem eru á sama stað og lögaðilar fjárfestanna.

Fjárfestingin í hinu tryggða er öll frá Kína (þ.m.t. endurfjárfesting frá fyrirtækjum með erlenda fjárfestingu í Kína) og heildarupphæð fjárfestingar fjárfestisins er yfir 15% af heildarfjárfestingunni.

Fjárfestingin er að hluta til erlendis frá og að hluta frá Kína (þ.m.t. endurfjárfesting frá fyrirtækjum með erlenda fjárfestingu í Kína) og heildarupphæð fjárfestingar kínverska fjárfestisins er yfir 15% af heildarfjárfestingunni.

Þegar öll fjárfesting í verkefnum kemur erlendis frá geta allir vátryggjendur veitt tryggingavernd í formi heildartryggingarskírteina.

Heildartryggingarskírteini sem tekur til mismunandi eigna sem sami lögaðili tryggir. Varðandi þær tryggðu eignir sem eru á mismunandi stöðum og í eigu sama lögaðila (að undanskildum iðnaði og fyrirtækjum á sviði fjármála, járnbrauta og póst- og fjarskipta) má gefa út heildartryggingarskírteini á grundvelli annars af eftirfarandi skilyrðum.

Vegna greiðslu skatts á iðgjöld er vátryggingafélögum, sem hafa réttarstöðu lögaðila á sama stað og lögaðilinn eða bókhaldsdeild þess sem sækir um trygginguna er, heimilað að gefa út heildartryggingarskírteini.

Ef meira en 50% af vátryggingarfjárhæð hins tryggða er frá stórri eða meðalstórri borg er vátryggjendum í þeirri borg heimilt að gefa út heildartryggingarskírteini, óháð því hvort lögaðilinn eða bókhaldsdeild þess sem sækir um trygginguna er í þeirri borg eður ei.

Vátryggjendur, sem eru annars staðar en hið tryggða, geta ekki tekið að sér skuldbindingu eða samtryggt ökutækjatryggingu, greiðsluvátryggingu, ábyrgðartryggingu vinnuveitanda, lögboðna tryggingu og annars konar tryggingar sem CIRC undanskilur, né heldur getur heildarvátryggingarskírteini náð til þeirra.